

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
b.t. Tinnu Jónsdóttur

Reykjavík, 28. september, 2020

Skipulagsstofnun hefur sent umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur til umsagnar tillögu Reykjavíkurborgar að matsáætlun framkvæmdarinnar „Landfylling í Nýja Skerjafirði“.
Skrifstofa umhverfisgæða vann umsögnina.

Almennt

Um framkvæmd á vegum Reykjavíkurborgar er að ræða sem byggist á markmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 og á samþykktu rammaskipulagi um Skerjafjörð frá 2018. Framkvæmdin er tilkynningaskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 en að beiðni umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur óskaði Reykjavíkurborg eftir því við Skipulagsstofnun að framkvæmdin færi beint í mat á umhverfisáhrifum og að ferli tilkynningar um matsskyldu yrði þar með sleppt. Umhverfis- og skipulagssvið er mjög meðvitað um möguleg umhverfisáhrif framkvæmdar af þessum toga, umfangi og á þessum stað. Þess vegna er það nauðsynlegt að mati umhverfis- og skipulagssviðs að stuðst sé við eins fullkomna þekkingu um umhverfisáhrif eins og hægt er og að áform um mótvægisáðgerðir séu ítarlega ígrundaðar, áður en lokaákvörðun er tekin um framkvæmdina í vinnu við deiliskipulag svæðisins.

Verkfræðistofan Efla hefur haldið utan um undirbúning umhverfismatsins fyrir Reykjavíkurborg en vinna við matsáætlun og nauðsynleg gagnasöfnun hefur verið gerð í mjög nánun samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið og helstu fagskrifstofur þar á bæ, þar með talið skrifstofu umhverfisgæða. Sviðið og fagskrifstofur þess hafa því fengið mörg tækifæri til að koma með ábendingar við matsáætlunina í vinnuferlinu og innihald hennar mótast að stórum hluta til vegna ráðlegginga frá fagskrifstofunum. Það skýtur því skökku við að koma með ítarlega umsögn um eigin afurð á þessu stigi. Undirbúningur umhverfismatsins er í stöðugu rýni og frá því matsáætlun var send til Skipulagsstofnunar hefur nokkrum atriðum verið bætt við sem áætlað er að fjalla um í frummatsskýrslunni. Það eru m.a. eftirfarandi:

- Til að meta raunhæfni aðgerða við að endurheimta fjöruumhverfi á strandlínu landfyllingarinnar verður leitað leiða við að skoða erlendar fyrirmyndir og árangur af þeim.
- Lagt verður mat á möguleg truflandi áhrif efnisflutninga og losun efnis á varp fugla sem verpa á svæðinu og dvelja þar með unga sína (æðarfuglar, tjaldar o.fl.). Skoða þarf tímasetningar fyrir framkvæmdaliði í þessu samhengi.
- Fjallað verður frekar um umhverfisþáttinn mengun í sjó m.a. vegna gruggmengunar.
- Almennt verður fjallað um heildræn áhrif af framkvæmdinni í samhengi við umhverfisáhrif þéttbýlisþróunar á Höfuðborgarsvæðinu sér í lagi með tilliti til samdráttar á strandbúsavæðum og fjallað um mögulegar mótvægisáðgerðir annars staðar innan marka Reykjavíkur t.d. verndar- eða endurheimtaraðgerðir á strandsvæðum.

Skrifstofa umhverfisgæða verður áfram í lykilhlutverki á umhverfis- og skipulagssviði við að tryggja að unnið sé eftir áformum matsáætlunar og mun rýna öll gögn og niðurstöður athugana sem fjalla skal

um í frummatsskýrslunni og koma með ábendingar um viðbætur eða betrubætur meðan á vinnu við frummatsskýrslu stendur ef þörf þykir.

f. h. skrifstofu umhverfisgæða, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur,
Snorri Sigurðsson, verkefnastjóri.